

TRÚARJÁTNING BETANÍU, CHRIST GOSPEL CHURCH Á ÍSLANDI

drög að þýðingu á „ARTICLES OF FAITH“,
trúarjátningu Christ Gospel Churches International Inc.
©Betanía 2012

Með samþykkt eftirfarandi trúarjátningar er grundvöllur lagður að umsókn um aðild að Christ Gospel Churches International Inc.

Markmið þess að setja fram játningar þessar er að útskýra grundvallarkenningar Christ Gospel Churches International Inc. til að allir geti skilið hvað við, sem hreyfing, teljum að sé rétt og satt samkvæmt heilögu orði Guðs.

Við höldum því fram að Biblían sé eini grundvöllur trúar okkar og kenninga þar eð sannleikur Orðsins sé í öllum atriðum fullnægjandi fyrir mannkynið.

I. Ritningarnar voru ritaðar undir guðlegum innblæstri Almáttugs Guðs

Við trúum því að Heilög Ritning sé innblásið Orð Guðs, sem manningum var gefið til að opinbera meistaraáætlun og tilgangsvilja (Master Plan and Purpose Will) Guðs fyrir allt sköpunarverkið. Við trúum því að Biblían sé óskeikul, áreiðanleg og kveði á um reglur varðandi trú og framgöngu kristinna manna. Orð Guðs er í öllum atriðum fullnægjandi til að mæta hverri þörf mannkynsins, bæði andlegri og náttúrulegri (2. Tím. 3:16-17, 1. Þess. 2:13, 2. Pét. 1:21).

II. Hinn eini og sanni Guð opinberar sig með þrennum hætti: Faðirinn, Orðið (Sonurinn) og Heilagur andi

Guð er einn (5. Mós. 6:4) og út frá þeirri uppsprettulind flæða þrjú lækir opinberunar, sem kallaðir eru Faðirinn, Orðið og Heilagur Andi (1. Jóh. 5:7, Jóh. 1:1-2, Jes. 48:16-17, Jóh. 10:30).

III. Jesús Kristur, eingetinn Sonur Guðs, varð hold til að frelsa mannkynið

Jesús Kristur var bæði guðlegur og mannlegur. Upphaf tilveru hans áður en tíminn varð til (Kól. 1:15-19), enda frumgetningur alls sem lifir. Jesús var síðan getinn af Heilögum anda í kviði Maríu meyjar á tímasteiði voru (Lúk. 1:27-35) og uppfyllti þannig spádóm Jesaja í Gamla testamentinu (Jes. 7:14). Við lok þriggja og hálfars þjónustu Jesú Krists hér á jörðu, þar sem hann gerði gott, læknaði þá sem voru undirokaðir, reisti upp dauða og predikaði fagnaðarerindið um Guðsríkið, var hann framseldur til krossfestingar, ekki af því að hann hafði syndgað, heldur vegna þess að hann dó sjálfviljuglega fyrir syndir alls heimsins. Dýrð Föðursins reisti Jesú Krist upp á þriðja degi (Post. 10:38-40, Róm. 1:3-4, 6:4) og lifir hann að eilífu við hægri hönd Guðs og biður fyrir mannkyninu (Hebr. 7:25, Post. 7:56).

IV. Hjálpræði fæst fyrir úthellt blóð Drottins Jesú Krists

Allir fæðast syndarar. Syndin kom í heiminn fyrir óhlýðni mannkynsins. Áður en mennirnir syndguðu voru þeir þekkir sem Adam-karl og Adam-kona (I. Mós. 5:2, Róm. 5:12).

Allir eru syndarar við fæðingu og með gjörðum (Róm. 3:23 og 3:10, Jes. 53:6, Préd. 7:20, Sl. 51:5 og 58:3). Vegna þess að Guð segir í Orði sínu að laun syndarinnar sé eilífur dauði í Helju og Eldsdíkinu (Róm. 6:23, Opb. 20:12-15) þurfa allir menn á hjálpræði að halda fyrir úthellt blóð Jesú Krists, hins flekklausu Lambs Guðs (Hebr. 9:22, Matt. 26:28, Jóh. 3:17-18).

Hjálpræði hlýst fyrir syndajátningu og iðrun (Róm. 10:8-9) og trú á Drottin Jesú Krist (Ef. 2:8). Hjálpræði fæst ekki með góðum verkum, heldur er það gjöf Guðs sem maðurinn tekur

við fyrir trú á úthellt blóð Drottins Jesú Krists, sem dó í stað mannsins á Golgatakrossi (Tít. 2:11, 3:5-7).

Vottur hjálpræðisins er ytri sönnun á starfi náðar Guðs í hjarta mannsins, sem birtist í líferni sem einkennist af aðskilnaði, guðsótta og góðum siðum (Tít. 2:12).

V. Niðurdýfingarskírni er boðorð sem allir trúaðir skulu hlíta

Þeim sem játa trú á Drottin Jesú Krist er boðið að skírast í nafni Drottins Jesú Krists (Post. 2:38, 8:12, 9:18, 19:5, Matt. 28:19-20).

VI. Tungutal er tákn þess að fyllast af Heilögum anda

Skírni í Heilögum anda er fyrirheitin þeim sem trúa (Post. 2:38). Tal í framandi tungu, sem hvorki hefur verið numin né lærð, er merki þess að hinn trúaði hafi hlotið skírni í Heilögum anda. Tungumál Heilags anda er gefið hinum trúaða til að hjálpa að iðka bænir sínar og lofsöngva til Guðs með fullkomnari hætti (Post. 2:4,11).

Að lokinni fyrstu reynslunni af því að taka á móti Heilögum anda mun hinn trúaði margsinnis fyllast af Heilögum anda á ný. Heilagur andi er gjöf Guðs til að hjálpa hinum trúaða við að vaxa andlega (Post. 8:17).

VII. Trúaðir skulu vaxa andlega og taka út laun fyrir það vaxtartakmark sem þeir ná í jarðlífi sínu

Guð hefur boðið hinum trúðu að vaxa í náð og þekkingu á Drottin Jesú Kristi (1. Pét. 2:2, 2. Pét. 3:18). Orð Guðs býður þeim að þroskast andlega og ná vaxtartakmarki í mynd Jesú Krists (Ef. 4:13-14).

A. Fyrirmyndir Guðs til andlegs vaxtar eru fundnar í tjaldbúð Móse

Tjaldbúð Gamla testamentisins er ímynd Jesú Krists og því fyrirmynd hins trúaða til vaxtartakmarks Krists fyllingar (Hebr. 9:8-11, Ef. 2:19-22).

Biblían opinberar þrjú aðskilin og frábrugðin vaxtarstig eða takmörk.

Tjaldbúð Móse er andleg ímynd andlegs vaxtar í Drottin Jesú Kristi og eru þau þrjú vaxtartakmörk, sem hinn trúaði mun upplifa þegar hann vex í fyllingu Krists, fyrirmynduð í þrefaldri skiptingu tjaldbúðar Gamla testamentisins: forgarðsins, hins heilaga og hins alla helgasta.

1. Forgarðurinn táknar grundvallarreynslur, sem hinn trúaði verður að öðlast til að grundvalla andlegt líf sitt

Forgarðurinn er staðurinn þar sem blóði fórnardýra var úthellt fyrir syndir fólksins og síðan brennt upp til agna af eldi Drottins á eiraltarinu. Eirkerið, sem stóð einnig í forgarðinum, var notað af prestunum til að hreinsa hendur og fætur sína daglega svo að Guð gæti móttakið þjónustu þeirra.

Fórnirnar og blóðið sem úthellt var í forgarðinum er fyrirmynd hjálpræðisins fyrir fórnardauða og úthellt blóð Jesú Krists (1. Pét. 1:18-19, Ef. 2:8-10). Eldurinn, sem brenndi upp fórnirnar, er fyrirmynd skírni í Heilögum anda og eldi (Lúk. 24:49, Post. 2:1-4).

Allsherjarþvottur prestanna í vatni eirkersins er mynd af niðurdýfingarskírni í nafni Drottins Jesú Krists, þar eð vatnið þar kom úr Klettinum, sem var Kristur (1. Kor. 10:4, Post. 2:38).

Daglegur þvottur handa og fóta prestanna er með augum trúarinnar mynd af andlegum þvotti handa og fóta hins trúaða í vötnum nafns, dauða og lífs Krists Jesú. Með þessum hætti reynir hinn trúaði daglega að helgast, leggja af og grafa hið gamla eðli sitt í dauða Jesú, svo að hann geti tekið á sig eðli Jesú Krists og risið daglega upp til göngu í nýju upprisulífi (1. Kor. 15:31, Róm. 6:3-4).

2. Hið heilaga fyrirmyndar næsta stig andlegs vaxtar í Krists fyllingu

Hið heilaga var sá staður þar sem reykslið brann á gullaltarinu og þar sem presturinn bar fram bænirnar. Presturinn fyllti þar einnig á olúskálar gullljósastikunnar og setti kvoðureykelsi og brauð á gullna skoðunarborðið.

Bænir prestanna eru fyrirmynd bænanna sem hinn trúaði ber fram í Jesú nafni (Róm. 8:26-27, Jóh. 14:13-14).

Ljós gullljósastikunnar er fyrirmynd hins fullkomna ljóss sannleika Drottins sem hinn trúaði finnur í Kristi Jesú (Jóh. 8:12, 2. Tím. 3:16-17).

Kvoðureykelsið og brauðið á gullborðinu eru fyrirmyndir trúarstyrksins er hinn trúaði finnur í orði Krists sem styrkir hann á göngunni í ljósinu er fékkst úr orðinu (Fil. 4:13).

3. Hið allra helgasta fyrirmyndar bæsta stig andlegs vaxtar í Krists fyllingu

Hið allra helgasta var sá staður þar sem Æðsti presturinn fór inn, einu sinni á ári, og setti friðþægingarblóðið á náðarstólinn. Þetta er fyrirmynd þess þegar Jesús Kristur setti friðþægingarblóð sitt á náðarstólinn á himnum (Hebr. 9:24-28). Friðþægingarblóðið gerði hinum trúaða mögulegt að sameinast í einingu samfélagsins við höfðingjadóm Drottins, meistaraáætlun og tilgangsvilja Hans (Ef. 1:22-23).

B. Dýrðarklæði trúaðra í upprisunni lýsa umbunarstigi andlegs vaxtar þeirra

Þrjú flokkar klæða eru nefndir í Opinberunarbókinni til að lýsa dýrðarklæðunum sem trúaðir munu klæðast í upprisunni: 1) *hvít skikkeja* fyrir þá sem aðeins hafa reynslu sem samsvarar þeirri úr forgarðinum (Opb. 6:9-11, 7:9,17), 2) *hvít klæði* fyrir þá sem hafa náð umbun vaxtar sem hefur gefið þeim vald til að stjórna og ríkja samsvarandi því sem fæst í Hínu heilaga (Opb. 4:4, 5:8-10), og 3) *hvítt lín* fyrir þá sem hafa náð vaxtartakmarki Krists fyllingar og þar með andlegum þroska brúðar Krists (Opb. 19:7-8).

Þessir þrjú flokkar dýrðarklæða tákna þrjú meginstig umbunar þeirra sem hafa hlýðnast fyrirætlunum um að vaxa andlega. Ekki munu allir trúaðir verða í Brúðinni, heldur munu aðeins þeir sem vaxið hafa upp til höfuðsins og náð vaxtartakmarki fyllingar Drottins Jesú Krists hljóta þá umbun að skrýðast hvítu líni, sem er dýrðarklæði Brúðarinnar (Opb. 19:7-8).

VIII. Tvær upprisur eiga sér stað

Fyrri upprisan samanstendur af öllum trúuðum sem lifað hafa sigrandi lífi og er í þremur stigum:

A. Fyrri upprisan hefur þrjú stig:

Fyrsta stig fyrri upprisunnar hefur þegar gengið yfir, þegar sigrandi trúaðir frá tíð Gamla testamentisins risu upp frá dauðum við upprisun Jesú (Matt. 27:51-53, Ef. 4:8).

Annað stig fyrri uppreisunnar verður þegar Jesús Kristur birtist í skýjum himins við burthrifninguna. Þá munu þeir sigrandi, sem dáið hafa undir nýja sáttmálanum frá uppreisni Jesú og þeir sigrandi sem þá verða á lífi, verða hrifnir til fundar við Drottin í loftinu (1. Þess. 4:16-17).

Þriðja stig fyrri uppreisunnar verður við upphaf þúsundaáraríkis Jesú Krists á jörðu. Þessi uppreisuhópur mun samanstanda af þeim sigrandi, undir nýja sáttmálanum, sem munu líða píslarvættisdauða á þrengingartímabilinu (Opb. 20:4).

B. Í síðari uppreisunni rísa allir upp sem látist hafa

Í síðari uppreisunni rís upp fólk af tvennum toga: trúaðir sem lifðu ekki sigrandi lífi og syndarar.

Þeir trúðu, sem ekki risu upp í fyrri uppreisunni, verða ekki reistir upp fyrr en við fullnaðardóm „allra dána“ við lok þúsundarárísins. Þeir hafa ekki átt hlutdeild í fyrri uppreisunni sökum þess að hafa látið hjá líða að lifa sigrandi lífi við andlát sitt. (Jóh. 5:28-29, Opb. 20:5).

Allir látnir syndarar verða reistir upp ásamt trúuðum sem lifðu ekki sigrandi lífi og verður allt þetta fólk dæmt eftir þeim verkum sem það drýgði í líkamanum á jörðu. Þeim, sem ekki eiga nöfn sín skráð í Lífsins bók, verður kastað í Eldsdíkið. (Opb. 20:15).

„Allir látnir“ koma frá fjórum stöðum: dauða, helju, hafinu og dufti jarðar. (Opb. 20:11-14, Jóh. 5:28-29, Dan. 12:2).

IX. Fjórir dvalarstaðir manna í eilífðinni

Allir sem lifað hafa á jörðu verða uppreistir til að lifa um eilífð í einum af fjórum dvalarstöðum eilífðarinnar. Þrjár staðir eru teknir frá fyrir hina trúuðu: Nýir himnar, Ný jörð og Ný borg. Einn staður er tekinn frá fyrir syndarana: Eldsdíkið.

Dýrðarklæðin, sem hinir trúuðu fá til klæðnaðar við uppreisuna, munu ákvarða eilífðan dvalarstað þeirra, því að þau tákna andlegt þroskastig og umbunina sem því fylgir.

Þeir sem íklæddir eru hvítri skikkju munu dvelja í Nýjum himnum um alla eilífð (Opb. 7:13-17).

Þeir sem íklæddir eru hvítum klæðum munu dvelja á Nýrri jörðu um eilífið. Að loknu þúsundaráríki Jesú Krists mun þessi hópur sigurvegara hljóta vald til að ríkja yfir því fólki sem dvelja mun á Nýrri jörðu (Opb. 5:8-10). Þegar Davíð konungur sest að nýju í hásæti sitt (Jer. 30:7-9, Esk. 34:23, Hós. 3:5, Am. 9:11), eins og Guð hét honum, mun hópur sigrandi fólks í hvítum klæðum verða honum til aðstoðar.

Þeir sem íklæddir eru hvítu líni munu dvelja um eilífið í Borginni nýju. Þeir eru fullþroska andlegir einstaklingar sem eru í brúði Jesú Krists, og aðeins þeir munu um eilífið dvelja stöðuglega í persónulegri nærveru Guðs og Lambsins (Opb. 22:2-5).

X. Réttisýnir í hópi hinna trúuðu skulu sýna helgun í hegðun og klæðaburði

Hegðun: Dagleg hegðun kristins manns skal vera óaðfinnanleg, svo að hann saurgi ekki Nafn Drottins og þá þjónustu sem hann var kallaður til (Hebr. 12:14, 1. Jóh. 2:15-17, 1. Kor. 8:9-13, 2. Kor. 7:1).

Orðið *helgun* eða *heilagur* merkir að vera aðskilinn frá því sem óhreint er og helgaður því sem er heilagt og hreint. Guð einn er fullkominn og heilagur, maðurinn er ófullkominn og

syndugur. Því verður maðurinn að verða heilagur með því að leggja af syndir holdsins og taka á sig réttlæti Guðs. (Róm. 6:12-13).

Klæðaburður: Klæðaburður kristins mans skal vera látlaus og með því staðfestir hann þau viðmið sem Ritningin setur fram (1. Pét. 3:3-5, 1. Tím. 2:9-10).

XI. Þrengingin mikla mun standa yfir í þrjú og hálf ár

Þegar Drottinn kemur í skýjunum og hrífur til sín þá kristnu sem lifa sigrandi lífi tekur við þrengingartímabil á jörðu og mun það vara í þrjú og hálf ár. (Dan. 9:24-27).

Frá því er orðið um endurreisn Jerúsalem og Musterisins gekk út og fram til tíma Jesú Krists er spádómstími sem nefndur er „sjö sjöundir og sextíu og tvær sjöundir“. Fæðing Messíasar, Höfðingjans, Jesú Krists, lokaði tímabilinu sem stóð frá sjö plús sextíu og tvær vikur (sjöundir), sem er samtals 69 vikur. Sjötugusta spádómsvikan skiptist í tvo hluta en í miðju þessarar síðustu viku var Messías, Jesú Kristur hinn Smurði, „afmáður“ og þjóð Ísraels hafnaði honum. Guð dæmdi Ísrael með því að eyða Jerúsalem og skilja Musterið og borgina eftir í auðn.

Daníelsbók 9:26 snýr að komu Títusar hershöfðingja sem gjöreyddi Jerúsalem árið 70 e. Kr.

Daníelsbók 9:27 snýr að Messíasi, höfðingjanum, sem kom til að gera fastan sáttmála við marga um eina sjöund eða spádómsviku, sem stendur fyrir sjö ára tímabil. Messías var síðan afmáður um miðja vikuna, eða við lok þriggja og hálf árs tímabils.

Við lok fyrri þriggja og hálf árs tímabilsins var sláturförn og matförn afnumin. Þetta var fullnað þegar Jesús Kristur bauð sjálfan sig fram til fórnar, sem Lamb Guðs, á krossinum. Þegar hann gaf upp andann var engin þörf lengur fyrir að bera fram fórnir og dýrafórnir (Hebr. 9:11-14). Eftir fórnardauða Jesú Krists á krossi var engin þörf lengur á myndum og skuggum (Hebr. 8:5 og 10:1) við helgþjónustuna. Jesú Kristur var sá eini, samkvæmt Orði Guðs, sem gat afmáð blóðfórnir Gamla testamentisins.

Þegar Jesú Kristur dó á krossi rifnaði fortjald Musterisins í tvennt. En sökum þess að Ísrael hafði hafnað Messías sínum, Jesú Kristi, tróð hún blóð hans undir fótum og gerði við fortjaldið til að færa áfram inn dýr til blóðfórna í Musterinu. Ísrael vildi frekar dýrablód en dýrmætt blóð eingetins sonar Guðs.

Dómur Guðs yfir Ísrael kom fyrir milligöngu persónu Títusar hershöfðingja. Sagan segir að hungrið hafi þá verið slíkt í Jerúsalem að íbúar hennar átu börn til að þrauka. Borgin helga var gjöreydd og fram á þennan dag á Ísrael ekki Helga borg með eiraltari og fórnarþjónustu til Jehóvah Guðs. Því verður Andkristi ómögulegt að fjarlægja það sem Guð hefur þegar fjarlægt. Því hlýtur það að vera Jesú Kristur á krossinum sem fullnaði mynd hins fyrri, sá sem afnám fórnir og dýrafórnir í miðri sjötugustu spádómsviku Daníels.

Jesús þjónustaði í þrjú og hálf ár og dó síðan og afmáði þannig blóðfórnir Gamla testamentisins.

Síðari helming sjötugustu spádómsviku Daníels á enn eftir að uppfylla á Ísrael og fullnast hún á þriggja og hálf árs þrengingatímanum, sem ganga mun yfir á valda- og stjórnunartíð Andkrists (Opb. 13:5).

Fyrri hluti sjötugustu spádómsviku Daníels hefur þegar verið uppfylltur og verður síðari helmingurinn uppfylltur á þrengingatímanum mikla sem tekur við af núverandi kirkjutímabili, náðartímabilinu, sem Guð hefur sett fram sérstaklega til að glíma við heiðingjana. Sjötíu spádómsvikur Daníels snúa hins vegar að þeim tíma þegar Guð glímir

sérstaklega við útvalinn lýð sinn, gyðingabjóðina. Tímabil heiðingjanna er ekki innan þessa spámannlega tímaramma sem Guð setti gyðingabjóðinni.

Ákveðinn ruglingur hefur átt sér stað um lengd þrengingartímans mikla en vitnisburður Ritningarinnar bendir til að um þriggja og hálfis árs tímabil sé að ræða. Eftirfarandi vers vitna um hversu lengi þrengingartíminn mikli varir:

1. Jerúsalem verður fótum troðin í 42 mánuði eða þrjú og hálf ár (Opb. 11:2).
2. Vottarnir tveir munu spá í 1260 daga eða þrjú og hálf ár (Opb. 11:3).
3. Konan, sem um er getið í Opb. 12:6, mun flýja út á eyðimörkina þar sem séð verður fyrir þörfum hennar í 1260 daga, eða þrjú og hálf ár.
4. Dýrið sem stígur upp úr Hafinu fær vald til fara sínu fram í 42 mánuði (Opb. 13:5).

Þessi fjórfaldi vitnisburður Ritningarinnar staðfestir án efa að þrengingartímabilið mun vara í þrjú og hálf ár.

Allir þeir lifandi, sem hafa ekki gefist Guði með því að glíma daglega við og sigra hold sitt, verða skildir eftir á jörðu á meðan kvöl þessi gengur yfir (Opb. 13:5-8, 11:2-3 og 12:6).

XII. Þúsundaráriki Drottins Jesú Krists á jörðu mun hefjast þegar hann snýr aftur sem Konungur konunga og Drottinn drottna.

Kristur mun koma aftur við lok þrengingartímabilsins til að heyja stríð gegn Andkristi og fylgjendum hans (Opb. 19:11-21). Þegar Lúsifer hefur síðan, í allri birtingarmynd sinni (Satan, Djöfull, Höggormur og Dreki), verið varpað niður í Brunn undirdjúpanna mun Drottinn Jesús Kristur hefja þúsundaráriki sitt á jörðu, sem hann hefur þá hreinsað (Opb. 20:1-6).

Þessi endurkoma Jesú Krists til jarðar er svokölluð „Endurkoma Drottins“ sem Sakaríá spámaður lýsti (Sak. 14:3-4). Ísrael mun frelsaður verða þegar hann tekur við Jesú Kristi sem Messíasi og mun Jerúsalem enn á ný verða miðstöð dýrkunar á hinum Sanna Guði. Allar þjóðir, sem eftir verða á jörðinni, munu fara til Jerúsalem til að dýrka Drottin Jesú Krist (Sak. 14:16-17).

XIII. Guð skipar kirkjunnar þjóna með guðlegum hætti.

Sannir þjónar orðs Guðs eru sérstaklega kallaðir og skipaðir samkvæmt Ritningunum (Post. 13:2-3, Matt. 10:1-2).

XIV. Helgiathafnir kirkjunnar felast í brauðsbrotningu, fótaþvotti, guðlegri lækningu og frelsun.

Sérhver helgiathafna þessara er grundvölluð á Ritningunni og skulu iðkaðar að staðaldri við samkomuhald kirkjunnar.

A. Brauðsbrotning er í minningu dauða og krossfestingar Jesú Krists.

Hinir trúuðu skulu taka þátt í kvöldmáltíð Drottins sem er ytri tákni um innri móttöku á Anda og Orði Guðs. Brauðsbrotning er til minningar um þjáningu og dauða Jesú Krists fyrir mannkynið og er einnig spádómur um endurkomu hans (1. Kor. 11:24-26, Matt. 26:26-29, Mk. 14:22-25, Lk. 22:15-20).

B. Fótaþvottur er tákni um elsku og auðmýkt Krists.

Hinn trúaði skal iðka biblíulegan fótaþvott til tákns um þrá hans til að fylgja fordæmi Krists um auðmýkt og elsku til bræðranna (Jóh. 13:5-17).

C. Guðleg lækning og lausn var veitt í friðþægingarblóði Jesú Krists

Guðleg lækning og lausn er mikilvægur þáttur í fagnaðarerindinu. Lækning og lausn var veitt í friðþægingarblóði Jesú Krists og er hluti af forréttindum hins trúaða. Lækning og lausn er ekki háð trúarvissu mannsins eða verðleika, heldur miskunn og náð Guðs til mannsins (Jes. 53:4-5, Matt. 8:16-17, Jak. 5:14-16).

XV. Köllun kirkjunnar hefur fjórfalt gildissvið

Fjórföld köllun kirkjunnar er að lofsyngja Guði, leiðbeina hinum trúuðu í andlegri menntun þeirra, vera skínandi ljós í siðgæðisþroska þeirra með því að framganga í réttlæti og láta gott af sér leiða, og vera vitnisburður um sannleika Guðs um allan heim.

Fyrsti maðurinn, Adam karl og Adam kona, höfnuðu því að hlýða á leiðsögn Guðs (1. Mós. 2:16-17 og 3:6-8) og völdu frekar að óhlýðnast Skaparannum. Þannig barst syndin áfram til mannkynsins alls (Róm. 5:12).

Maðurinn, í uppreisn sinni, neitaði að veita Guði réttmæta lofgjörð og tilbeiðslu og hóf skurðgodadýrkun í stað þess. Afleiðingin varð sú að synd mannsins myrkvaði farartæki ljóssins, svo að hann varð tilgangslaust og siðspillt ker. Hann fylgdi eigin löngunum í stað þess að uppfylla tilgang Guðs með sköpun mannsins, þann að bera ljós sannleikans (Róm. 1:21-23, Matt. 5:14-16).

En vegna þess að Guð minnst fallins mannkyns gaf hann, í miskunn sinni, mannum endurlausn og syndahreinsun fyrir dauða Jesú á Golgatakrossi.

Þegar maðurinn snýr sér til Jesú Krists í trú og trúir á hann til frelsis mun Drottinn frelsa hann frá syndum hans og getur maðurinn síðan borið fram sanna og réttmæta lofgjörð og tilbeiðslu fyrir Guð.

Guð gefur einnig gjafir Anda síns og Orðs til postula, spámanna, trúboða, hirða og kennara í því skyni að láta líkama Krists í té andlega menntun í sannleika Drottins svo að hinir trúuðu geti vaxið í andlegum þroska.

Eftir endurlausnina getur maðurinn orðið sá brennandi og skínandi lampi sem Guð ætlaði honum að vera (Matt. 5:16) og vitnað um endurlausnarnáð og miskunn Guðs um allan heim (Post. 1:8).

Kirkjan er líkami Krists og dvalarstaður sannleika Guðs. Kirkjan, sem ljósberi sannleikans, skal framfylgja trúboðsskipuninni. Sérhver trúaður skal vera órjúfanlegur hluti af því verki að boða fagnaðarerindið um allan heim (Ef. 1:22-23, 2:22, Hebr. 12:23).

Eftirfarandi yfirlýsingar eru ástæðurnar að baki starfsemi Christ Gospel Churches International Inc.:

- Að halda uppi kirkjum þar sem Guð er lofaður (1. Kor. 12:13, Jóh. 4:23-24).
- Að veita andlega menntun til vaxtar líkama Krists (1. Kor. 12:23-25, 1. Kor. 14:12, Ef. 4:11-16).

- Til að kenna þeim sem tilheyra líkama Krists að vera skínandi ljós á vegi andlegrar menntar (Matt. 5:14-16).
- Að uppfylla fyrirmæli Jesú Krists um að predika fagnaðarerindið út um allan heim með trúboði (Matt. 16:15-28 og 28:19-20).

Þeir sem ganga til liðs við okkur í að fylgja Drottni Jesú Kristi verða að samþykkja, í ljósi hins innblásna Orðs Guðs, að trúarjátning þessi sé í samræmi við sannleika Ritningarinnar og myndar traustan grundvöll frekari vaxtar í visku, skilningi og þekkingu á Drottni vorum og frelsara, Jesú Kristi.

Tilvísanir í ítarefni varðandi trúarjátningu þessa.

Til að útskýra frekar þær kenningar sem koma fram í trúarjátningu þessari er viðeigandi að vísa á eftirfarandi bækur eftir Rev. B. R. Hicks. Hverju greinarnúmeri fylgir heiti þeirra sem einkum fjallar um viðkomandi efni (smárit í gæsalöppum).

1. gr.: *Confirming Our Faith in the Holy Bible*, 1978.
2. gr.: *Confirming Our Faith in God*, 1978.
3. gr.: *Confirming Our Faith in the Lord Jesus Christ*, 1979.
4. gr.: *Confirming Our Faith in the Lord Jesus Christ*, 1979.
Instruction to the Study of the Blood, 1985.
Confirming Our Faith in the Bible's Teaching About Mankind, 1980.
5. gr.: „The Truth About Water Baptism“, 1968.
6. gr.: „The Gifts of the Holy Ghost“, 1990.
7. gr.: *Precious Gem in the Tabernacle*, 1961.
Revelation Book One, Jesus Christ the Resurrected King, 1973.
„Secrets to Spiritual Growth“, 1980.
„The Need for Spiritual Growth“, 1990.
„Degrees of Reward for Spiritual Growth“, 1984.
8. gr.: *Revelation Book Two, Jesus Christ, the Slain Lamb*, 1973.
9. gr.: *Revelation Book Two, Jesus Christ, the Slain Lamb*, 1973.
10. gr.: *Man's Threefold Nature, Volume One: His Body, Soul and Spirit*, 1999.
Man's Threefold Nature, Volume Two: His Heart, 2001.
Man's Threefold Nature, Volume Three: His Will, 2001.
The Powerful Voltage of Humility, 1967.
„Why Short Hair for Men and Long Hair for Women“, 1993.
11. gr.: *Antichrist*, 1987.
The Mystery of God's Supreme Sovereignty in the Book of Daniel, 1985.
12. gr.: *The LORD's Sixty-Six Spiritual Principles of Truth — Matthew through Revelation* (sjá meginreglu 66).
13. gr.: „The Ordinances of Communion and Foot Washing“, 1994.
Sickness and Healing, 1982.

Margar af grundvallarkenningum Christ Gospel Churches International Inc. má finna í bók. Rev. B. R. Hicks *Drops of Doctrine* frá 1975. Flestar greinar trúarjátningarinnar eru útskýrðar með ítarlegri hætti í þessari grundvallar kenningabók hreyfingarinnar.